

# Dalvíkurskóli

## Leiðarljós

**Þekking og færni – virðing og vellíðan** eru einkunnarorð skólans og er lagt upp með þau í öllu starfinu. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum.

## Hlutverk

Dalvíkurskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og menntastefnu Dalvíkurbyggðar. Grunnskólinn er undirbúningur einstaklingsins fyrir frekara nám og til að takast á við lífið. Áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda svo þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við síbreytilegar aðstæður í framtíðinni. Nauðsynlegt er að hver nemandi fái tækifæri til að nýta hæfni sína og áhugasvið svo hann megi sem best þroskast, dafna og ná góðum árangri í námi.

## Helstu verkefni og innra starf

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólaþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólalahald og kynna fyrir íbúum þess. Skólastjóri grunnskóla stjórnar honum í umboði sveitarstjórnar. Skólastjóri kynnis tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, í hvetjandi námsumhverfi, í viðeigandi húsnæði, sem tekur mið að þörfum þeirra og almennri vellíðan.

Skólinn vinnur eftir menntastefnu Dalvíkurbyggðar *Í öllum börnum býr fjársjóður*. Stefnan leggur áherslu á samstarfsmenningu allra sem koma að menntun og þroska barna. Mikilvægt er að starfshættir einkennist af virðingu, jákvæðni og metnaði þannig að nemendur geti nýtt hæfileika sína í leik og starfi. Skólinn leggur áherslu á persónumiðað nám og í hverjum nemendahóp eru tveir árgangar með þrjú umsjónarkennara. Nám barna er samstarfsverkefni heimilis og skóla sem byggist á virðingu og trausti. Lögð er áhersla á vellíðan og gleði í leik og starfi. Kennarar vinna í teyllum og teymiskennsla gengur út á að sameiginlegan undirbúning og skipulag kennslu. Unnið er að því að innleiða leiðsagnarnám þar sem nemandinn eru meðvitaður um stöðu sína í námi og hvert hann stefnir og fær leiðsögn sem hjálpar honum að brúa bilið þar á milli. Frá hausti 2023 eru þrjú umsjónarkennarar í öllum teyllum sem skipta á milli sín umsjón nemenda. MSHA kemur að innleiðingu menntastefnu og stuðningi við breytta kennslu- og starfshætti skólans.

Vorið 2023 var tekin ákvörðun um að Dalvíkurskóli er *símalaus skóli*. Ástæða þessarar ákvörðunar er að stóru leyti líðan ungmenna okkar, áreitið frá símanum er mjög mikið og hafa samfélagsmiðlar mikil áhrif á sjálfsmynd, svefn og líðan ungmenna sem kemur niður á einbeitingu og námsframvindu í skólanum. Skólinn er að verða það vel tækjum búinn að

nemendur þurfi ekki að nota símann sinn sem vinnutæki og erum við enn að bæta í tækjakost skólans.

### Þróunar- og stýrihópar skipaðir starfsfólki sem verða starfandi skólaárið 2023– 2024.

- **Umhverfisnefnd:** Vinnur að verkefnum til að viðhalda Grænfánanum, vinnur að stefnumótun í umhverfismálum, sér um gerð framkvæmdaáætlunar, velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir.
- **Eineltisteymi/samskiptateymi:** Fylgir eftir stefnu skólans í vörnum gegn einelti, vinnur að forvörnum og úrlausnum eineltismála.
- **Fagráð/innra mat:** Vinnur að því að styrkja teymiskennslu í skólanum og vinnur að innra mati og umbótum.
- **ÍSAT nemendur:** Vinnur að bættri þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku og hafa íslensku sem sitt annað tungumál.
- **Stýrihópur um læsi:** Vinnur að eflingu læsis, stefnumótun og framkvæmd læsisstefnu skólans og Dalvíkurbyggðar í skólanum.
- **Uppbyggingarstefnan:**

### Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum

- Samstarf við Háskólann á Akureyri um teymiskennslu, kennsluráðgjöf og þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Samstarf við Árskógarskóla aukið þar sem einn skólastjóri er yfir báðum skólunum.
- Samstarf við Tónlistarskólann á Tröllaskaga um tónmenntakennslu 1. – 6. bekkjar í Víkurröst.
- Samstarf við félag eldri borgara á Dalvík í Mímisbrunni, húsnæði félags eldri borgara á Dalvík.
- Samstarf við leikskólann Krílakot um samstarf og samverustundir elstu barna þar og 1. bekkjar í Dalvíkurskóla. Markvisst ferli er á því hvernig tilfærslu milli skólastiganna er hagað.
- Bókasafn Dalvíkurskóla og Bókasafn Dalvíkurbyggðar eiga með sér samstarf um millisafnalán. Nemendur skólans heimsækja einnig bókasafn Dalvíkurbyggðar undir leiðsögn starfsmanns bókasafnsins og kennara sinna.
- Aukið samstarf við Byggðasafnið Hvol á Dalvík þar sem nemendur vinna verkefni í tengslum við safnið.
- Gott samstarf er við Félagsmálasvið Dalvíkurbyggðar, Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar og HSN Dalvík.
- Gott samstarf hefur verið við fyrirtæki í Dalvíkurbyggð um að taka nemendur í tímabundið starfsnám.
- Aukið samstarf við félagsmiðstöð. Forstöðumaður og stjórnandi úr skóla funda reglulega.

### Helstu verkefni fjárhagsárið 2024

- Innleiðing nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Innleiðing laga um samþættingu á þjónustu við börn í samráði við skólaskrifstofu og félagsþjónustu.
- Breyttir kennsluhættir og fjölgun umsjónakennara.

- Innleiðing Mentorkerfisins verður haldið áfram með innleiðingu hæfnikorta nemenda þar sem haldið verður áfram að setja kennsluáætlanir og námslotur inn í kerfið.
- Áhersla verður áfram á læsi, lestrarsprettir skipulagðir í öllum bekkjum skólans og heimalestri fylgt eftir af kennurum í öllum bekkjum. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis hjá yngstu nemendum.
- Halda áfram að nýta og þróa upplýsingatækni í skólastarfi í samræmi við þær nýjungar sem er að gerast í grunnskólum. Endurskoða endurnýjunaráætlun í tölvubúnaði í samræmi við áherslur og breytingar í skólakerfinu og stefnu um símalausan skóla.
- Samstarfssamningur við MSHA (Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri) um skólaþjónustu, áhersla á að efla teymiskennslu og innleiðingu menntastefnu auk kennsluráðgjafar.
- Kennarar vinni markvisst að innra mati í samræmi við matsáætlun.
- Unnið verður eftir umbótaáætlun samkvæmt innra matsskýrslu skólans.
- Kennarar kynni sér og þekki helstu stefnuplög skólans. Skoðað í teyllum.
- Unnið með Grænánaverkefni samkvæmt áætlun
- Efla nemendalýðræði og þátttöku nemenda í eigin námi.
- Unnið áfram eftir Uppbyggingarstefnunni.
- Leita leiða til að styrkja góðan bekkja- og skólabrag. Einnig að efla félagsfærni nemenda.
- Agamál – samstarfsverkefni heimilis og skóla.
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir, leiðsagnarnám, samþætting námsgreina á unglíngastigi og fjölmenningarlegar kennsluáðferðir.
- Skólaþjónusta efld í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, MSHA.
- Bætt þjónusta við nemendur sem eru með íslensku sem annað mál.
- Að styrkja starfsemi foreldrafélagsins og foreldrafulltrúa í samstarfi við Heimili og skóla.

### **Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2024**

Breyting hefur orðið á nemendahóp skólans með fjölgun nemenda með annað móðurmál en íslensku sem kallar á aukna og bættu þjónustu við þessa nemendur.

Endurnýjun á húsgögnum fyrir nemendur, þessu verkefni lýkur fjárhagsárið 2024.

Endurnýjun á lýsingu í kennslurýmum og loftræstingu í starfsmannarýmum. Haldið áfram að endurnýja tækni- og tölvubúnað, allir kennarar fái fartölvu til afnota í tengslum við fjarvinnslustefnu sveitarfélagsins.

Endurnýjun á vinnuáætlun starfsfólks, vinna þarf áætlun.

Huga að því að ljúka vinnu við skólalóð.

### **Framtíðarsýn til 2027**

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu- og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.

- Taka til endurskoðunnar stefnu í upplýsinga- og tæknimennt í Dalvíkurskóla.
- Huga þarf að endurbótum á skólahúsi, vinna viðhaldsáætlun í samstarfi við eigna- og framkvæmdadeild.
- Haldið verður áfram að vinna eftir umbótaáætlun frá iðjupjálfa sem tók út vinnuaðstöðu starfsmanna. Vinnuaðstæður starfsmanna bætta.
- *Grænfánanum* verður flaggað í sjötta sinn vorið 2024.
- Vinna áfram að bættum námsaðstæðum og námsumhverfi nemenda.
- Ljúka þarf við endurbætur á skólalóð.

## Lykiltölur

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Nemendafjöldi	212	210	214	<b>235</b>	235	232
Starfsmannafjöldi	49	50	49	46	46	49
Meðalstarfsaldur á starfsstað	9,2	11	11	11	11	
Heildarfjöldi stöðugilda	36,89	36,64	37,66	38,79	38,61	41
Fjöldi stjórnenda/stöðugildi í stjórnenda	3/2	3	3	3	3	3
Fjöldi stöðugilda kennara	20,5	20,5	19,4	21,8	21,8	22,45
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	4,89	4,89	4,89	4,89	4,71	5,3
Fjöldi annarra stöðugilda	9,5	9,5	9,5	9,1	9,1	9,1
Heildarstærð húsnæðis í fermetrum	3050	3050m	3050	3050	3050	3050
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk		40	37	37		
	45				37	
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur		48 og			26 pc	
	41	34 chromeb.	26 pc og 27	26 pc og27cr	og27cr	
Fjöldi spjaldtölva		108	108	108	108	
	78					
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	92%	90%	76%	100%	100%	100%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	77%	77%	53%	85%	85%	71,6%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	96,57%	95%	92,1%	*	*	*
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	94%	Ekki mælt	94,7%	*	*	*
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	81%	88%	Ekki mælt	84,8%	84,8%	87,8%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	95,24%	94,8%	Ekki mælt	*	*	*
Hlutfall starfsfólk sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mán	100%	100%	96%	96%	96%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	95,24%	Ekki mælt	Ekki mælt	*	*	*
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	4%	4%	2%	2%	2%	0%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	18%	18%	19,7%	25,6%	25,6%	
Kynjahlutfall nemenda (kvk.)	45%	44%	46%	53,4%	53,4%	
Kynjahlutfall starfsfólks (kvk.)	84%	88%	83%	80%	80%	
Frávik í fjárhagsáætlun	100,7%	105%		105%		

\*Ekki kannað sérstaklega, aðrir mæliþættir í könnun Skólapúlsins.

## Frístund

### Leiðarljós

Að börnum líði vel og þau fái notið sín í frjálsum leik á sínum forsendum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.

### Hlutverk

Markmið *Frístundar* er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barna sem *Frístundar* njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem þetta er í raun frítími barnanna. Einnig er heimanám í boði, hópastarf og skapandi verkefni.

### Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2024

Frístund er rekin sem sjálfstæð rekstrareining hjá Dalvíkurbyggð og er hún fyrir nemendum í 1. – 4. bekk. Skólastjóri Dalvíkurskóla er ábyrgur fyrir starfsemi Frístundar. Foreldrar skrá börn í Frístund hjá skólaritara Dalvíkurskóla. Skólaritari sendir upplýsingar um Frístund til foreldra nemenda í 1. – 4. bekk áður en skóli byrjar.

Helstu verkefni:

- Setja dagskipulag á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Auka tengsl Frístundar við starfið í Dalvíkurskóla og samræma reglur.
- Skilgreina betur hvað er gert í *Frístund* og upplýsa foreldra.
- Þróa innra mat á *Frístund* í samvinnu við fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar.
- Vinna að samþættingu þjónustu við nemendur í samstarfi við skólajónustu.
- Nota Mentor sem samskiptaforrit við foreldra.
- Auka tengsl *Frístundar* við kennarateymi yngstu bekkjanna.
- Að starfsmaður Frístundar sitji fundi með kennarateymi yngsta stigs (1.-4. bekkjar) reglulega.
- Aukin tengsl milli Bókasafns Dalvíkurskóla og *Frístundar* með það að leiðarljósi að auka færni í lestri.
- Auka samstarf við kennara og upplýsingaflæði vegna heimanáms/lesturs nemenda.

### Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2024

Ekki eru neinar fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Frístundar. Gert er ráð fyrir að Frístund nýti það húsnæði sem tilheyrir Dalvíkurskóla eftir kl. 13:35. Fjöldi barna í Frístund er misjafn á milli ára en gert er ráð fyrir svipuðum fjölda barna. Haldið verður áfram að endurnýja búnað og aðstöðu nemenda. Nemendum í Frístund hefur fjölgað á liðnum árum og gera þarf ráð fyrir að auka við stöðugildi til að þjónusta og tryggja öryggi nemenda og bjóða upp á fjölbreytta starfsemi.

## Lykiltölur

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi barna sem skráð eru í <i>Frístund</i>	21	22	28	34	37	25
Fjöldi starfsmanna	2	2	3	3	3	4
Fjöldi stöðugilda	1,19	0,81	0,88	0,88	1,27	1,25*
Fjöldi klst. í vistunartíma pr. mánuð	804	840	910	1030	1047	1047
Frávik frá fjárhagsáætlun	78,2%	97%	90%			

\*Háð fjölda barna sem nýta sér Frístund

## Framtíðarsýn til 2026

- Fjölga þarf starfsmönnum í samræmi við fjölgun nemenda. Huga þarf að aðstöðumálum í samræmi við fjölgun.
- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu- og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Að gera aðstöðu í Frístund ætíð heimilislega og aðlaðandi fyrir nemendur.
- Endurnýja leikföng.